

ast af hjálparlaust veturinn yfir og hefir sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu vott- **32**
að það, að hann hafi krafð Einar um fúlguna áður en leitað var til hrepps- 27. febr.
nefndarinnar í Glæsibæjarhreppi, en Einar hefði sannfært sig um að hann gæti
eigi borgað meðlagið, og þess vegna hafi engi ástæða verið til að reyna lögtak
há honum. Hins vegar hefir hreppsnefnd Presthólahrepps, þar er viðurkennt
er að Einar sje sveitlægur, neitað að greiða optnefnda upphæð og borið fyrir
sig, að vistarsveitin hafi eigi fullnægt því, að hafa gjört árangurslaust tilraun
til að ná fúlgunni á þann hátt, sem lög leyfa, eins og ákveðið er í lögum nr.
9 frá 24. jan. 1890, 3. gr.

Jeg verð nú að álíta að hreppsnefndin í Presthólahreppi hafi rjett fyrir
sjer í því, að hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi hafi eigi uppfyllt skilyrði þau
fyrir endurgjaldskröfum á hendur framfærsluhreppi í þessu efni, sem áðurnefnd
lagagrein setur, þar sem hún í því tilfelli, sem hjer er um að ræða, eigi hefir
látið gjöra lögtak há Einari og vottorð hlutaðeigandi sýslumanns um getuleysi
barnsföður virðist eigi geta komið í stað þeirrar tilraunar, sem lögin fyrirskipa.
Slik tilraun má því að eins falla burtu að barnsfaðirinn njóti stöðugs sveitar-
styrks.

Með því að optnefndur Einar Friðbjarnarson eptir því, sem fyrir liggur,
eigi naut fátækrastryrks á því tímabili, sem hjer er um að ræða, og lögleg til-
raun eigi hefir verið gjörð af hálfu Glæsibæjarhrepps til að ná fúlgunni há
honum, virðist Presthólahreppur eigi verða skyldaður til að endurgreiða hina
umræddu fúlgu.

Því er framangreindur úrskurður yðar frá 5. maí f. á. úr gildi felldur.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknar-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um **33**
ógilding á úrskurði sýslnefndar um útsvarshækkun. — Með þóknanlegu brjefi, dag- 3. marz
settu 8. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi nokkurt frá prestin-
um síra Jóhanni Þorsteinssyni, dagsett 18. desbr. f. á., þar sem hann fer þess á leit
að jeg felli úr gildi þann úrskurð sýslunefndarinnar í Mýrasýslu, uppkveðinn 18.
marz 1892, að útsvar hans fyrir 1891/92 skyldi hækkað úr 105 krónum í 125 kr.,
og þá ályktun amsráðsins í Vesturamtinu á fundi þess 14. og 15. júní 1895,
sem gengur út á það, að ráðið gæti eigi sjeð að þau afbrigði frá gildandi lög-
um hefðu átt sjer stað, að þau gætu veitt ráðinn heimild til að fella úr gildi
eða ónýta úrskurð sýslunefndarinnar, sem í útsvarsmálum væri endilegur.

Málsvextir eru sem hjer segir á eptir.

Haustið 1891 kærði sýslumaður í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu Sigurður
Þórðarson fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, að sveitarútsvar prestsins síra Jóhanns
Þorsteinssonar í Stafholti fyrir fardagaárið 1891—92 væri of lágt, og krafðist að
það væri hækkað úr 105 kr. í 160 kr. Á fundi sínum 19. desbr. 1891 úrskurð-
aði svo hreppsnefndin í áheyrn kæranda, að við svo búið skyldi standa um út-
svar síra Jóhanns. Þessum úrskurði hreppsnefndarinnar kveðst kærandi þegar,
er hann heyrði hann uppkveðinn, hafa ásett sjer að skjóta til sýslunefnd-

33 ar, og hafa látið það áform sitt í ljósi á hreppsnefndarfundinum. Síðan tilkynnti 3. marz hreppsnefndin kæranda eptir áskorun hans hinn umrædda úrskurð skriflega; er sú tilkynning dagsett 6. janúar 1892 og kom eptir vottorði kæranda í hans hendur sama dag, eða daginn eptir. Jafnskjótt sem tilkynning þessi barst í hendur kæranda, sem jafnframt var oddviti hlutaðeigandi sýslunefndar, var hún eptir skýrslu hans lögð saman við málefni þau, sem koma áttu fyrir sýslunefndina á næsta fundi hennar, og var skrifað utan á pakka þann, sem málin lágu í: »Málefni, sem eiga að leggjast fyrir sýslunefnd Mýrasýslu 1892«. Síðan var mál þetta tekið fyrir at sýslunefndinni á fundi hennar 18. marz 1892, og úrskurðaði sýslunefndin þá að hið umrædda útsvar skyldi hækkað um 20 krónur. Hefir optnefndur prestur haldið því fram, að úrskurður sýslunefndarinnar í þessu máli væri ólögmaður, sjerstaklega vegna þess að formleg áfrýjun eða yfir höfuð að tala áfrýjun á úrskurði hreppsnefndarinnar hafi eigi fram farið innan þess tíma (3 vikna), sem 1. gr. laga nr. 1, frá 9. janúar 1880 mælir fyrir um, heldur fyrst á áðursögðum sýslunefndarfundum 18. marz 1892, eða um 3 mánuðum síðar en hreppsnefndarúrskurðurinn var birtur kæranda. Aftur á móti hefir því verið haldið fram af hálfu kæranda og þess manns, sem gegndi oddvitastörfum í sýslunefndinni í hans stað, er um mál þetta var að ræða í sýslunefndinni, að lögin fyrirskipi ekkert form fyrir áfrýjun hreppsnefndarúrskurðar um útsvarskæru og að það sje nægilegt, að áfrýjandi afhendi hlutaðeigandi sýslunefndaroddvita, innan hins lögakveðna frests, endurrit af úrskurðinum og tilkynni honum um leið munnlega að hann (áfrýjandi) áfrýji úrskurðinum, og að þetta hafi átt sjer stað um málefni það, sem hjer er um að ræða, eptir því sem audið var, þar sem áfrýjandinn og sýslunefndaroddvitinn var hinn sami maður.

Það er nú að visu svo, að lögin fyrirskipa eigi beint að áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæru skuli vera skrifleg, en bæði er það, að það er orðin föst venja að allar slíkar áfrýjanir fari fram skriflega, enda er það mest í samræmi við fyrirmæli laganna um það að útsvarskæru, sem lagðar eru undir úrskurð hreppsnefndar, skuli vera skriflegar. Og einmitt í því máli, sem hjer er um að ræða, var sjerstök ástæða til þess að áfrýjun til sýslunefndar færi fram skriflega, með því að áfrýjandi og sýslunefndaroddvitinn var hinn sami maður, en það er svo langt frá því að kærandinn eða áfrýjandinn hafi gjört það, að hann, eptir því, sem fyrir liggur, ekki einu sinni sem sýslunefndaroddviti hefir við móttöku hins umrædda hreppsnefndarúrskurðar ritað á hann um móttökudag úrskurðarins, nje getið um móttökuna í embættisbókum sínum.

Með því að jeg eptir öllum málavöxtum verð að álita það, að áfrýjun, er taka hafi átt til greina, hafi eigi framfarið á úrskurði hreppsnefndarinnar í Stafholtstungnahreppi um áðursagða útsvarskæru, virðist sýslunefndin í Mýrasýslu hafa átt að vísa hinu umrædda útsvarsmáli frá sjer, og skal því úrskurður sýslunefndarinnar frá 18. marz 1892 um hækkan á útsvari optnefnds prests fyrir fardagárið 1891—92 hjer með úr gildi felldur.

Að því leyti, sem síra Jóhann Þorsteinsson hefir þar að auki kært yfir

Því, hvernig atkvæðagreiðslan um framannefnt mál á hinum umtalaða sýslu- 33
nefndarfundi hafi farið fram, þá virðist engin ástæða til að rannsaka það atriði 3. marz
frekara.

Þetta er yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til
þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1896.

	Tekjur:	kr. a.	kr. a.	34
I. Sjóður við árslok 1895:				
a, veðskuldabryf	114862	25		
b, lán til prestakalla	8100	00		
c, skuldabryf Reykjavíkur	700	00		
d, vextir fyrir 1895	205	68		
e, innstæða í landsbankanum	1623	71		
f, í sjóði hjá fjehirði	870	69	126362	33
II. Bætt við innstæðu vaxteigenda:				
a, innlög á árinu	26651	16		
b, vextir fyrir 1896 lagðir við höfuðstól	3824	51	30475	67
III. Vextir af útlánam 1896			6369	47
IV. Borgun fyrir viðskiptabækur o. fl.			38	82
V. Vextir fyrir 1896, er biða útborgunar			1614	19
VI. Innborguð lán			4544	25
VII. Móti gjaldlið VI færirst til jafnaðar			37270	00
			kr. 206674	73
	Gjöld:			
I. Vextir vaxteigenda fyrir 1896:				
a, ársvextir 4 ⁰ / ₁₀₀ af höfuðstól	4882	14		
b, dagvextir 3 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀ um árið	556	56	5438	60
II. Ýmislegur kostnaður			93	52
III. Greiddir vextir, er biðu útborgunar við árslok 1895			1470	99
IV. Útborgaður höfuðstóll			313	27
V. Móti tekjulið VI færirst til jafnaðar			4544	25
VI. Sett á vöxtu			37270	00
VII. Sjóður við árslok 1896:				
a, veðskuldabryf	148103	00		
b, lán til prestakalla	7685	00		
c, skuldabryf Reykjavíkur	600	00		
d, vextir fyrir 1896 ógreiddir	239	41		
e, innstæða í landsbankanum	413	38		
f, í sjóði hjá fjehirði	503	21	157544	00
			kr. 206674	73